



Aukaúthlutun 2026

Uppbyggingarsjóður

Suðurnesja



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Tölfræði

Samtals var úthlutað 32 millj. kr.

Alls bárust 34 umsóknir í aukaúthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja 2026 innan Sóknaráætlunar Suðurnesja. Úthlutunarnefnd samþykkti styrkveitingar til 25 verkefna og nam heildarúthlutun 32 milljónum króna.

Í aukaúthlutuninni var sérstök áhersla lögð á menningarviðburði og verkefni tengd sólmyrkvanum sem verður 12. ágúst 2026, sem og verkefni sem snúa að varðveislu menningararfs og minja á Suðurnesjum ásamt safnastarfi.

Úthlutunin endurspeglar þann kraft, fjölbreytileika og metnað sem einkennir menningar- og þróunarverkefni á Suðurnesjum og mikilvægi þess að styðja við verkefni sem efla bæði samfélag, menningu og sérstöðu svæðisins.



Ávarp

Logi Gunnarsson, verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja



Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur lokið aukaúthlutun styrkja fyrir árið 2026. Úthlutunin er ánægjuleg áminning um þann kraft, sköpunargleði og frumkvæði sem býr í samfélaginu hér á Suðurnesjum.

Í þessari aukaúthlutun var lögð sérstök áhersla á menningarviðburði, safnastarf, verkefni og fræðlu tengd sólmyrkvanum 12. ágúst — einstaklegt náttúrufyrirbæri sem gefur svæðinu í sumar sérstakt tækifæri til að kynna sig og sameina íbúa og gesti í minnistæðri upplifun.

Alls bárust 34 umsóknir að heildarupphæð yfir 54 milljónum króna. Úthlutunarnefnd samþykkti styrktar veitingar til 25 verkefna og er heildarupphæð styrkja 32 milljónir króna. Val var krefjandi en endurspeglar þá fjölbreytni og hugmyndaauðgi sem einkennir umsækjendur á Suðurnesjum.

Að baki hverju verkefni liggur mikil vinna og trú á framtíð svæðisins. Reynslan hefur sýnt að fjármunir Uppbyggingarsjóðs skila sér margfalt til baka í formi lifandi menningarlífs og aukins sýnileika Suðurnesja.

Styrkhöfum er óskað innilega til hamingju. Hér á eftir er yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu stuðning í aukaúthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja 2026.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Áki Ásgeirsson	Strandmenningarmiðstöð - kynning og fræðslufundir	400.000 kr.

Strandmenningarmiðstöð á Suðurnesjum er lifandi vettvangur fyrir sjávartengda fræðslu og viðburði. Haldin verða fræðslukvöld þar sem fólki gefst tækifæri á að kynnst menningararfi svæðisins sem tengist hafinu og strandmenningu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanes jarðvangur	Almyrkvafræðsla fyrir grunnskóla	750.000 kr.

Reykjanes jarðvangur mun bjóða upp á almyrkvafræðslu í grunnskólum á Suðurnesjum í tengslum við sólmyrkvann 12. ágúst 2026. Nemendur fá tækifæri til að kynnst fyrirbærinu á gagnvirkum og skemmtilegum hátt með stuðningi jarðvangsins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Byggðasafnið á Garðskaga	Almyrkvi á sólu - fræðslusýning (á íslensku og ensku)	200.000 kr.

Almyrkvi á sólu 12. ágúst 2026 - fræðslusýning á Byggðasafninu á Garðskaga er ætluð það hlutverk að fræða börn og fullorðna, Íslendinga og erlenda gesti, um hvað er almyrkvi á sólu og sólkerfið. Sýningin verður frá síðari hluta maí og fram yfir 12. ágúst 2026.



Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Byggðasafnið á Garðskaga	Garðskagaviti frá 1897	2.900.000 kr.

Garðskagaviti frá 1897 er eitt aðal kennileiti á Suðurnesjum. Þúsundir gesta ganga í kringum hann á öllum tímum. Verkefnið miðar að því að opna gamla Garðskagavita fyrir heimsóknum gesta og viðburðum og varðveita vitann sem lifandi menningararf á Suðurnesjum, sérstaklega í tengslum við almyrkvann 12. ágúst.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Dagrún Ósk Jónsdóttir	Saga, staður og minningar: kortlagning frásagna um lífið í Grindavík	2.000.000 kr.

Verkefnið felur í sér söfnun og varðveislu munnlegra frásagna um líf og menningu í Grindavík, með sérstakri áherslu á reynslu íbúa af jarðhræringum og rýmingunni. Rannsóknin mun skapa varanlegt gagnasafn sem nýtist einnig til fræðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Daníel G. Hjálmtýsson	Sungið til sólarinnar	500.000 kr.

Daníel Hjálmtýsson flytur frumsamin lög úr garði sínum í Suðurnesjabæ 12. ágúst nk. ásamt hljómsveitarmeðlimum sínum. Í forgrunni verða lög af væntanlegri plötu Daníels. Aðgangur er ókeypis og vonast er til samstarfs við íbúa um götuhátíð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Eiríkur Óli Dagbjartsson	Fiskanes heimildarmynd	2.500.000 kr.

Heimildarmynd um útgerðarfélagið Fiskanes hf. í Grindavík þar sem sagt er frá tilurð fyrirtækisins og rekstri þess. Myndin nær utan um sögu sjávarútvegs í litlum bæ og mun verða aðgengileg almenningi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Siglingafélagið Knörr	Sólmyrkvi á sjó - einstakur róðra- og siglingaviðburður	800.000 kr.

Siglingafélagið Knörr stendur fyrir einstökum viðburði þar sem þátttakendur upplifa sólmyrkvann 12. ágúst á sjó. Viðburðurinn sameinar hefðbundna sjómennskulega starfsemi og einstaka náttúruupplifun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Samfélag fyrir Öll	Landscape Myth	500.000 kr.

Landscape Myth er samfélagslegt listaverk á Suðurnesjum þar sem fólk af öllum aldri og þjóðernum kemur saman til að búa til fatnaðar- og listmunum, innblásið af íslensku goðsagnalegu tengt sólmyrkvanum. Verkefnið lýkur með opinberri göngu þar sem sköpun, litir og tónlist eru í forgrunni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Dagný Maggýjar	Lífið á vellinum - munnlegur sagnararfur í hljóð og mynd	1.000.000 kr.

Verkefnið miðar að söfnun, skráningu og að miðla munnlegum heimildum um daglegt líf á varnarsvæðinu. Verkefnið varpar ljósi á daglegt líf, samskipti og menningarleg áhrif veru hersins og gerir lítt skráðan menningararf aðgengilegan almenningi í hljóði og mynd.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listasafn Reykjanesbæjar	List í samtali: viðburðir og safneign	1.000.000 kr.

Listasafn Reykjanesbæjar sækir um styrk fyrir tvíþætt verkefni. Annars vegar tvo aðskilda viðburði í tengslum við sýningu Erlu Þórarinsdóttur og sólmyrkvann í sumar: jóga í safninu og leiðsögn með stjörnuspekingi. Hins vegar skráningu og sýningu á umfangsmikilli gjöf Aðalsteins Ingólfssonar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanesbær - Byggðasafn	Ljósmyndasafnið í röð og reglu	1.300.000 kr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar varðveitir um eina milljón ljósmynda af ólíkum gerðum, þær elstu ríflega 150 ára gamlar. Verkefnið snýst um að fá ráðgjöf frá forverði með sérhæfingu á sviði ljósmynda varðandi umbúnað myndanna, fgangsröðun og varðveisluskilyrði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjafélag Vatnsleysustrandar	Skólahúsið Norðurkot	1.100.000 kr.

Minjafélag Vatnsleysustrandar hefur starfað frá 2005 og sinnt mikilvægum þáttum í varðveislu sögu og minja í Vogum. Starf félagsins hófst með flutningi og endurbótum á skólahúsinu Norðurkoti á Kálfatjörn sem hýsir nú skólaminjasafn. Markmið með verkefninu er að forða skólahúsinu Norðurkot frá skemmdum og koma því í það ástand að munir inna veggja þess verði ekki fyrir skemmdum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjafélag Vatnsleysustrandar	Vélbáturinn Huginn - Viðhald og varðveisla	800.000 kr.

Vélbáturinn Huginn var smíðaður í Danmörku árið 1931 fyrir Útgerðarfélag Vatnsleysustrandarhrepps. Hann er þriðji elsti plankabyggði báturinn á landinu og ómetanleg heimild um sjávarútveg á 20. öld. Hann er friðaður vegna aldurs og verkefnið miðar að viðhaldi og varðveislu hans.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Helga S. Ingimundardóttir	Prestsvarða, lagning gangstígs, lokakafli	800.000 kr.

Verkefnið felur í sér gerð á göngustíg upp að Prestsvörðunni í Leiru. Öll hönnun og framkvæmdir miðast að því að stórbæta upplifun ferðamanna og annara gesta á svæðinu sem tengist vitum, kirkjum og fleiri stöðum sögunnar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Heimir Freyr Hlöðversson	Raddir Grindavíkur	3.000.000 kr.
---------------------------------	---------------------------	----------------------

Verkefnið Raddir Grindavíkur snýst um að safna og varðveita frásagnir bæjarbúa um jarðhræringarnar og neyðarrýminguna með 40-50 kvikmynduðum viðtölum. Markmiðið er að skapa lifandi heimild um upplifun fólks á umbrotatímum og styrkja menningarlegt minni samfélagsins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir	Grindavíkurhúsin - varðveisla niðurrifshúsa	3.000.000 kr.
----------------------------------	--	----------------------

Verkefnið miðar að varðveislu og skráningu húsa í Grindavík sem eru í hættu á að vera rifin niður vegna náttúruhamfaranna. Með kerfisbundinni skráningu og ljósmyndun verður saga húsanna og íbúanna varðveitt til framtíðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Steinbogi ehf	Tímaþræðir	500.000 kr.
----------------------	-------------------	--------------------

Verkefnið Tímaþræðir miðar að sköpun og miðlun efnis um sögu og menningu á Suðurnesjum á nýstárlegan hátt þar sem samtíð og fortíð eru tengdar saman í heildstæðri frásögn. Markmið verkefnisins er varðveisla og miðlun menningararfs í Garði og að bæta aðgengi að yfirgripsmiklu safni ljósmynda og kvikmynda.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
-------------------	-----------------	----------------------

Sveinn Enok Jóhannsson	Fornverk í Höfnum - Námskeið fyrir ungmenni á Reykjanesi	1.600.000 kr.
-------------------------------	---	----------------------

Fornverk í Höfnum mun bjóða upp á gjaldfrjáls námskeið fyrir ungmenni á Suðurnesjum þar sem þau taka þátt í endurhleðslu gamalla garða og tófta í menningarlandslagi Hafna og læra hefðbundna grjóthleðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanesbær	Myrkvastund í Reykjanesbæ	1.750.000 kr.

Myrkvastund í Reykjanesbæ er heiti á viðburðum sem Reykjanesbær stendur fyrir í fjórum hverfum sveitarfélagsins þann 12. ágúst á meðan á almyrkva stendur. Íbúar eru hvattir til að fjölmenna og upplifa þetta einstaka náttúruundur saman.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Jón R. Hilmarsson	Magical Sky Iceland: Sólmyrkvinn 2026	600.000 kr.

Verkefnið miðar að því að skapa einstaka upplifun í tengslum við sólmyrkvann 2026 með ljósmyndun og miðlun myndefnis sem fangar þennan sérstaka atburð á Suðurnesjum og kynnir svæðið á alþjóðavísu. Markmiðið er að sýna kvikmynd og frumsamið tónverk á Ljósanótt 2026.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minja- og sögufélag Grindavíkur	Uppbygging á fiskverkunarhúsinu Kreppa	2.500.000 kr.

Minja og sögufélag Grindavíkur ætlar að endurbyggja húsið sem kallast Kreppa, gammalt fiskverkunarhús líklega byggt um 1930. Unnið verður að heildarendurbótum á sögulegu húsi sem er í slæmu ástandi. Innviðir verða endurnýjaðir, húsið einangrað og gert nothæft til menningarstarfs.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bókasafn Reykjanesbæjar	Sól, tungl og skuggar	400.000 kr.

Bókasafn Reykjanesbæjar og Bókasafn Suðurnesjabæjar standa fyrir verkefnum tengdum sólmyrkva, þar sem boðið verður upp á fræðslu fyrir fullorðna, barnaviðburð með skapandi smíðju og geimþema í sumarlestri safnsins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Hilmar Bragi Bárðarson	Ár í Miðhúsum - Heimildarmynd	1.000.000 kr.
-------------------------------	--------------------------------------	----------------------

Heimildarmyndin fjallar um nokkra bræður úr 14 systkina hópi og hvernig þeir hafa viðhaldið búskap á bænum sem frístundabændur áratugum eftir að síðustu kúnum var slátrað. Sýnt er frá sauðburði, heyskap, heimaslátrun og reykingu ásamt viðtölum við bræðurna. Markmið að varðveita menningararf og minjar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Voga	Lifandi menning og minjar	1.100.000 kr.
---	----------------------------------	----------------------

Verkefnið miðar að eflingu menningarlífs og varðveislu minja í Vogum með fjölbreyttri menningarstarfsemi og þátttöku íbúa í menningar- og sögulegum verkefnum á svæðinu. Verkefnið miðar að því að kortleggja og miðla menningarminnjum í sveitarfélaginu.

Heildarupphæð styrkja

32.000.000 kr.



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA